

# STJÓRNARTÍÐINDI B 123 – 2000

Nr. 857

2414

1. desember 2000

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 228/1993, um tollskýrslur og fylgiskjöl þeirra.

1. gr.

1. másl. 2. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. gildir þessi reglugerð ekki um tollafgreiðslur vara, sem ekki er skylt að færa á farmskrá og ekki eru háðar neins konar innflutnings- eða útflutningsbanni eða takmörkunum, enda sé um að ræða vörur sem undanþegnar eru öllum opinberum gjöldum við tollafgreiðslu. Ákvæði reglugerðarinnar skulu gilda eftir því sem við getur átt um SMT-tollafgreiðslu.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 14., 15., 18., 20., 23., 121. og 148. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytinu, 1. desember 2000.*

F. h. r.

**Baldur Guðlaugsson.**

*Tómas N. Möller.*

Nr. 858

1. desember 2000

## REGLUGERÐ

um SMT tollafgreiðslu.

I. KAFLI

*Orðaskýringar.*

1. gr.

Í reglugerð þessari hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér greinir:

*Skjalasending milli tölva (SMT):* Sendingar á gögnum milli gagnavinnslukerfa sem fylgja ákveðnum stöðlum.

*Rammaskeyti:* Safn samstæðra gagna sem raðað er saman samkvæmt ákveðnum stöðlum fyrir skeyti til flutnings með rafeindaboðum milli tölva og forsníðið er þannig að unnt sé að lesa það í tölvu og vinna sjálfvirk á vélrænan og ótvíræðan hátt. Rammaskeytin skulu gerð samkvæmt viðurkenndum staðli sem samþykktur hefur verið til nota við tollafgreiðslu af ríkistollstjóra, sbr. staðal Sameinuðu þjóðanna (UN/EDIFACT) fyrir SP-rammaskeyti

Gutenberg

**Endurprentað blað.**